

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Leiklistarsjóð Brynjólfs Jóhannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. desember 1972.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Leiklistarsjóð Brynjólfs Jóhannessonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Brynjólfi Jóhannessyni á aðalfundi Félags íslenzkra leikara hinn 7. desember 1970 með kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum. — Til viðbótar þeirri upphæð koma framlög frá samstarfsmönnum, vinum og ættingjum Brynjólfs Jóhannessonar svo og frá Starfsmannafélagi Útvegsbanka Íslands og Leikfélagi Reykjavíkur í tilefni af 75 ára afmæli hans hinn 3. ágúst 1971, samtals kr. 209 950.00, og lögð eru til sjóðsins í hans nafni. Stofnfé sjóðsins er því alls kr. 234 950.00 — tvöhundruð þrjátíu og fjögur þúsund níuhundruð og fimmtíu krónur. —

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita ungum íslenzkum leikurum styrki til framhaldsleiklistarnáms erlendis.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Félags ísl. leikara, er annast fjárreiður hans. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi félagsins ár hvert. Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands eða/og í verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Aldrei má veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera frjáls framlög og svo og aðrar þær tekjur, er honum síðar kunna að verða ákveðnar eða aflað.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 — þrem — mönnum, 2 — tveimur — tilnefndum af Félagi íslenzkra leikara og 1 — einum — tilnefndum af Leikfélagi Reykjavíkur, til fjögurra ára í senn.

Stjórnin annast úthlutun styrkja. Skal hún semja reglugerð þar að lútandi, í samráði við stjórn Félags ísl. leikara.

### 6. gr.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram á stofnafmælisdegi hans hinn 7. desember. Í fyrsta sinn árið 1973.

Úr sjóðnum má veita hverju sinni allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum tekna hans árið áður.

### 7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Félags ísl. leikara og með samþykki sjóðsstjórnar. Þó má aldrei breyta nafni hans og höfuðtilgangi, svo og 1. og 3. grein efnislega.

### 8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.